

# EES-viðbætur

við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

Nr. 40

5. árgangur

1.10.1998

## I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

## II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-rikkanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

## III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

98/EES/40/01	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1202 - Renault V.I./Iveco) .....	1
98/EES/40/02	Afturköllun á tilkynningu um samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1128 - KLM/Martinair) .....	2
98/EES/40/03	Upphaf málsmeðferðar (Mál nr. IV/M.1221 - REWE/Meinl) .....	2
98/EES/40/04	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1246 - LHZ/Carl Zeiss) .....	2
98/EES/40/05	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1298 - Kodak/Imation) .....	3
98/EES/40/06	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1327 - Canal+, CDPQ og Bank America/NC) .....	4
98/EES/40/07	Tilkynning frá framkvæmdastjórninni samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62 varðandi mál nr. IV/36.581 – Télécom Développement .....	4

98/EES/40/08	Tilkynning samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62 varðandi beiðni um að mótmælum verði ekki hreyft eða undanþágu samkvæmt 3. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans mál nr. IV/36.759 – National Sulphuric Acid Association ..... 5
98/EES/40/09	Tilkynning um samstarfssamninga (Mál nr. IV/37.181 - Infostrada & Ferrovie dello Stato) ..... 5
98/EES/40/10	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 16/98 (ex. NN 10/98) - Ítalía ..... 6
98/EES/40/11	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 23/98 (ex. N 895/96) - Austurríki ..... 6
98/EES/40/12	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 29/98 – Belgía ..... 6
98/EES/40/13	Orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 ..... 7
98/EES/40/14	Rekstur áætlunarflugs ..... 8
98/EES/40/15	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir ..... 9
<b>3. Dómstóllinn</b>	
98/EES/40/16	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna ..... 12
98/EES/40/17	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi ..... 17

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

### Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1202 - Renault V.I./Iveco)

98/EES/40/01

1. Framkvæmdastjórninni barst 21. september 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem fyrirtækin Renault V.I. s.a. (Renault V.I.), sem tilheyrir Renault-samstæðunni, og Iveco S.p.a. (Iveco), sem tilheyrir Fiat-samstæðunni, öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins yfirráð yfir nýstofnuðu fyrirtæki um sameiginlegt verkefni. Móðurfyrirtækin flytja starfsemi sína með hópferða- og áætlunarbifreiðir yfir til nýja fyrirtækisins um sameiginlega verkefnið.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Renault V.I.: framleiðsla á ökutækjum sem notuð eru í atvinnuskyni (vöruflutningabílar, hópferða- og áætlunarbifreiðir og herbílar),
  - Iveco: framleiðsla á ökutækjum sem notuð eru í atvinnuskyni (vöruflutningabílar, hópferða- og áætlunarbifreiðir, dísilvélar og íhlutar),
  - fyrirtækið um sameiginlega verkefnið: framleiðsla á hópferða- og áætlunarbifreiðum.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjttíð. EB nr. C 298, 26. 9. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1202 - Renault V.I./Iveco, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B - Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1040 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 1, leiðrétt með Stjttíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97, Stjttíð. EB nr. L 180, 9. 7. 1997, bls. 1 og leiðrétt með Stjttíð. EB nr. L 40, 13. 2. 1998, bls. 17.

**Afturköllun á tilkynningu um samfylkingu fyrirtækja  
(Mál nr. IV/M.1128 - KLM/Martinair)****98/EES/40/02**

Frankvæmdastjórn Evrópubandalaganna barst 1. 9. 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu milli Koninklijke Luchtvaart Maatschappij NV og Martinair Holland NV. Þann 22. 9. 1998 tilkynntu hlutaðeigandi aðilar framkvæmdastjórninni um að þeir afturkölluðu tilkynninguna.

**Upphaf málsmeðferðar  
(Mál nr. IV/M.1221 - REWE/Meinl)****98/EES/40/03**

Frankvæmdastjórnin ákvað 28. 9. 1998 að hefja málsmeðferð í fyrrnefndu máli eftir að hafa komist að niðurstöðu um að verulegur vafi leiki á að tilkynnt samfylking samrýmist hinum sameiginlega markaði. Upphaf málsmeðferðar leiðir til frekari rannsóknar að því er varðar tilkynnta samfylkingu. Ákvörðunin byggist á c-lið 1. mgr. 6. gr. og 22. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4046/89.

Frankvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða samfylkingu á framfæri við sig.

Til að hægt sé að taka mið af athugasemdunum verða þær að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en 15 dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 303, 2. 10. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 - 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til IV/M.1221 - REWE/Meinl, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate General for Competition (DG IV)  
Directorate B - Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1040 Brussels

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(Mál nr. IV/M.1246 - LHZ/Carl Zeiss)****98/EES/40/04**

1. Frankvæmdastjórninni barst 24. september 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem fyrirtækin GDE Helava Inc. (GHI), sem er í eigu General Electric Corporation, Leica Geosystems Inc. (LGI), sem er undir stjórn einkafjárfestis, og Carl-Zeiss-Stiftung (CZS), öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir LHZ Systems (LHZ), með kaupum á nýstofnuðu fyrirtæki um sameiginlegt verkefni.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - GHI: bandarískt eignarhaldsfélag,
  - LGI: bandarískt fyrirtæki sem annast dreifingu á landmælingartækjum,
  - CZS: þýsk stofnun á sviði ljósfræða og rafeinda,
  - LHZ: bandarískt fyrirtæki sem annast viðskipti með jarðstöðvaupplýsingakerfi sem byggist á myndum.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97, Stjtið. EB nr. L 180, 9. 7. 1997, bls. 1 og leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 40, 13. 2. 1998, bls. 17.

3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB nr. C 303, 2. 10. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1246 - LHZ/Carl Zeiss, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B - Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1040 Brussels

### **Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1298 - Kodak/Imation)**

**98/EES/40/05**

1. Framkvæmdastjórninni barst 22. september 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem fyrirtækið Eastman Kodak (Kodak) öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins yfirráð yfir hluta af fyrirtækinu Imation, með kaupum á hlutabréfum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Kodak: framleiðsla og sala á ljósmyndabúnaði og þjónusta við ýmsa markaði,
  - Imation: myndhermingarkerfi sem m.a. eru notuð í lækningaskyni.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB nr. C 301, 30. 9. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1298 - Kodak/Imation, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B - Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1040 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97, Stjtið. EB nr. L 180, 9. 7. 1997, bls. 1 og leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 40, 13. 2. 1998, bls. 17.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(Mál nr. IV/M.1327 - Canal+, CDPQ og Bank America/NC)**

98/EES/40/06

1. Framkvæmdastjórninni barst 29. september 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem fyrirtækin Canal+, Capital Communications CDPQ ("CDPQ") og Bank America öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir fyrirtækinu NC Numéric Cable Holding ("NC").
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Canal+: aðallega áskriftarsjónvarpssendingar,
  - CDPQ: fjárfestingadeild í Caisse de dépôt et placement du Québec,
  - Bank America: fjárfestingar og fjárfestingaþjónusta,
  - NC: kapalsjónvarpsþjónusta í Frakklandi.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjttíð. EB nr. C 302, 1. 10. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1327 - Canal+, CDPQ og Bank America/NC, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B - Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1040 Brussels

**Tilkynning frá framkvæmdastjórninni samkvæmt 3. mgr. 19. gr. 98/EES/40/07  
reglugerðar ráðsins nr. 17/62<sup>(2)</sup> varðandi mál nr. IV/36.581 –  
Télécom Développement**

Framkvæmdastjórninni barst 9. júlí 1997 tilkynning samkvæmt 2. og 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62 um ýmsa samninga varðandi Télécom Développement sem frönsku fyrirtækin Société Nationale des Chemins de Fer og Cégétel gerðu með sér 11. apríl 1997 (sjá nánari upplýsingar í Stjttíð. EB nr. C 293 frá 22. 9. 1998).

Framkvæmdastjórnin áformar að heimila samningana samkvæmt 85. gr. EB-sáttmálans. Áður en af því verður gefur hún öllum þriðju aðilum sem hagsmuna eiga að gæta kost á að senda athugasemdir sínar, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar tilkynningar, með tilvísun til IV/36.581 – Télécom Développement, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate C  
200, rue de la Loi  
B-1040 Brussels  
Bréfasími: (+32 2) 296 70 81

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 1, leiðrétt með Stjttíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97, Stjttíð. EB nr. L 180, 9. 7. 1997, bls. 1 og leiðrétt með Stjttíð. EB nr. L 40, 13. 2. 1998, bls. 17.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. 13 frá 21. 12. 1962.

**Tilkynning samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62<sup>(1)</sup> 98/EES/40/08 varðandi beiðni um að mótmælum verði ekki hreyft eða undanþágu samkvæmt 3. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans mál nr. IV/36.759 – National Sulphuric Acid Association**

Framkvæmdastjórninni barst 12. nóvember 1997 tilkynning frá National Sulphuric Acid Association Limited varðandi samninga um sameiginleg innkaup á brennisteinssýru (sjá nánari upplýsingar í Stjtfð. EB nr. C 293 frá 22. 9. 1998).

Framkvæmdastjórnin ætlar á grundvelli þeirra upplýsinga sem hún hefur undir höndum að taka jákvæða afstöðu gagnvart tilkynntum samningum. Áður en af því verður gefur hún öllum þriðju aðilum sem hagsmuna eiga að gæta kost á að senda athugasemdir sínar, innan 30 daga frá birtingu þessarar tilkynningar, með tilvísun til IV/E-2/36.759 – NSAA, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition (DG IV E-2)  
200, rue de la Loi (Office 02/40)  
B-1040 Brussels  
Bréfasími: (+32 2) 299 24 64

**Tilkynning um samstarfssamninga  
(Mál nr. IV/37.181 - Infostrada & Ferrovie dello Stato)**

**98/EES/40/09**

1. Framkvæmdastjórninni barst 6. ágúst 1998 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62<sup>(1)</sup> um samninga milli Infostrada S.p.A., sem er dótturfyrirtæki samstæðanna Olivetti og Mannesmann, og Ferrovie dello Stato (FS), sem er stærsta járnbrautarfélagið á Ítalíu. Samkvæmt samningunum kaupir Infostrada ákveðin réttindi af FS, einkum aðgangsheimild að grunnvirkjum FS í þeim tilgangi að leggja kapla (flutningsréttur), og rétt til að nota hluta af fyrirliggjandi ljósþráðaköplum FS (afnotaréttur). Með því að kaupa slík réttindi vill Infostrada geta komið á fót, þróað og starfrækt fyrir en ella eigið fast fjarskiptanet.
2. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samstarfssamningarnir sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar nr. 17/62.
3. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða samninga á framfæri við sig.
4. Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en 20 dögum eftir að þessi tilkynning birtist í Stjtfð. EB nr. C 291, 19. 9. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (+32 2 296 70 81) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/37.181 - Infostrada & Ferrovie dello Stato, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate C  
Office 3/69  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1040 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtfð. EB nr. 13 frá 21. 12. 1962.

**Ríkisaðstoð**  
**Mál nr. C 16/98 (ex. NN 10/98)**  
**Ítalía**

**98/EES/40/10**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans vegna aðstoðar sem Ítalía hefur ákveðið að veita Banco di Sicilia og Sicilcassa (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 297 frá 25. 9. 1998).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtið. EB, við:

European Commission  
200, rue de la Loi  
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Ítalíu.

**Ríkisaðstoð**  
**Mál nr. C 23/98 (ex. N 895/96)**  
**Austurríki**

**98/EES/40/11**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans vegna ríkisstyrkjar til fyrirtækisins KNP Leykam, Austurríki (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 296 frá 24. 9. 1998).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtið. EB, við:

European Commission  
200, rue de la Loi  
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Austurríki.

**Ríkisaðstoð**  
**Mál nr. C 29/98**  
**Belgía**

**98/EES/40/12**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans vegna aðstoðar sem belgíska héraðið Flandur ætlar að veita fyrirtækinu Hermes Europe Railtel N.V. (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 291 frá 19. 9. 1998).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtið. EB, við:

European Commission  
200, rue de la Loi  
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Belgíu.



**Orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt  
a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92**

**98/EES/40/13**

**Tilkynning frá Frakklandi um breytingu á skilyrðum fyrir skyldu um opinbera þjónustu í  
áætlunarflugi á milli Ajaccio, Bastia, Calvi og Figari, og Marseille og Nice**

Frakkland hefur ákveðið að breyta, með gildistöku frá 1. janúar 1999, skilyrðum fyrir skyldu um opinbera þjónustu í áætlunarflugi á milli Ajaccio, Bastia, Calvi og Figari, annars vegar, og Marseille og Nice, hins vegar, sem birt voru í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 199 frá 3. ágúst 1995 í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 289, 17. 9. 1998).

**Tilkynning frá Frakklandi um breytingu á skilyrðum fyrir skyldu um opinbera þjónustu í  
áætlunarflugi á milli Ajaccio, Bastia, Calvi og Figari og París-Orly-flugvallar**

Frakkland hefur ákveðið að breyta, með gildistöku frá 1. janúar 1999, skilyrðum fyrir skyldu um opinbera þjónustu í áætlunarflugi á milli Ajaccio, Bastia, Calvi og Figari, annars vegar, og París-Orly-flugvallar, hins vegar, sem birt voru í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 199 frá 3. ágúst 1995 í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 289, 17. 9. 1998).

**Tilkynning frá Frakklandi um breytingu á skilyrðum fyrir skyldu um opinbera þjónustu í  
áætlunarflugi á milli Ajaccio og Toulon, og Bastia og Toulon**

Frakkland hefur ákveðið að breyta, með gildistöku frá 1. janúar 1999, skilyrðum fyrir skyldu um opinbera þjónustu í áætlunarflugi á milli Ajaccio og Toulon, annars vegar, og Bastia og Toulon, hins vegar, sem birt voru í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 199 frá 3. ágúst 1995 í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 289, 17. 9. 1998).

**Kveðið á um skyldu um opinbera þjónustu í áætlunarflugi á milli Ajaccio og Montpellier og  
milli Bastia og Montpellier**

Frakkland hefur ákveðið, í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins, að koma á skyldu um opinbera þjónustu í áætlunarflugi á milli Ajaccio og Montpellier og milli Bastia og Montpellier, með gildistöku frá 1. janúar 1999 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 289, 17. 9. 1998).

**Rekstur áætlunarflugs****98/EES/40/14****Útboðsauglýsing frá Frakklandi í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætlunarflugs frá Korsíku**

Frakkland hefur, með gildistöku frá 1. janúar 1999, breytt skilyrðunum fyrir skyldu um opinbera þjónustu í áætlunarflugi frá Korsíku sem birt voru í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 199 frá 3. ágúst 1995 í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins. Ítarlegar upplýsingar um ný skilyrði birtust í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 289, 17. 9. 1998 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 290, 18. 8. 1998).

Ef ekkert flugfélag hefur hafið eða er um það bil að hefja slíkt áætlunarflug, í samræmi við skylduna um opinbera þjónustu, fyrir 1. desember 1998, og án þess að fara fram á bótagreiðslur, hefur Frakkland ákveðið að takmarka aðgang að leiðinni við eitt flugfélag, frá 1. janúar 1999, og bjóða hana út í almennu útboði.

Tilboðin skulu send í ábyrgðarpósti með kvittun fyrir móttöku og gildir póststimpill sem sönnun fyrir sendingu, eða afhent persónulega gegn kvittun, eigi fyrr en einum mánuði og eigi síðar en fimm vikum eftir birtingu þessarar auglýsingar í fyrrnefndum Stjtið. EB, fyrir kl. 17 00 að staðartíma, á eftirfarandi heimilisfang:

Office des Transports de la Corse  
19, route de Sartène  
Quai Saint Joseph, BP 501  
F-20186 Ajaccio Cedex

**Útboðsauglýsing frá Frakklandi í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætlunarflugs á milli Montpellier og Ajaccio og milli Montpellier og Bastia**

Frakkland hefur ákveðið, með gildistöku frá 1. janúar 1999, að koma á skyldu um opinbera þjónustu í áætlunarflugi á milli Montpellier og Ajaccio og milli Montpellier og Bastia í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins. Ítarlegar upplýsingar um þessa skyldu um opinbera þjónustu voru birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 289, 17. 9. 1998 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 290, 18. 8. 1998).

Ef ekkert flugfélag hefur hafið eða er um það bil að hefja slíkt áætlunarflug, í samræmi við skylduna um opinbera þjónustu, fyrir 1. desember 1998, og án þess að fara fram á bótagreiðslur, hefur Frakkland ákveðið að takmarka aðgang að leiðinni við eitt flugfélag, frá 1. janúar 1999, og bjóða hana út í almennu útboði.

Tilboðin skulu send í ábyrgðarpósti með kvittun fyrir móttöku og gildir póststimpill sem sönnun fyrir sendingu, eða afhent persónulega gegn kvittun, eigi fyrr en einum mánuði og eigi síðar en fimm vikum eftir birtingu þessarar auglýsingar í fyrrnefndum Stjtið. EB, fyrir kl. 17 00 að staðartíma, á eftirfarandi heimilisfang:

Office des Transports de la Corse  
19, route de Sartène  
Quai Saint Joseph, BP 501  
F-20186 Ajaccio Cedex

**Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir****98/EES/40/15**

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða (Stjttíð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjttíð. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/10/EB frá 23. mars 1994 um aðra efnisbreytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjttíð. EB nr. L 100, 19. 4. 1994, bls. 30).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni

Tilvísun <sup>(1)</sup>	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils <sup>(2)</sup>
98-0314-NL	Reglugerð um breytingu á reglugerð um verkefni í tengslum við gróðurhús	( <sup>4</sup> )
98-0315-I	Úrskurður um bann við notkun á afleiðum úr legkökum úr mönnum til að framleiða lyf handa mönnum	( <sup>3</sup> )
98-0325-FIN	Reglugerðir og leiðbeiningar á sviði járnbrautartækni, RAMO, 16. hluti, brautarpallar	23.10.1998
98-0328-E	Drög að fyrirmælum um mælifræðilegt eftirlit ríkisins með tækjum til að mæla heyrnlegt hljóð	26.10.1998
98-0329-E	Drög að konunglegum úrskurði um breytingu á konunglegum úrskurði 1137/1984 frá 28. mars um viðurkenningu á tæknilegum heilbrigðisreglugerðum um framleiðslu, dreifingu og sölu á brauði og sérbökuðu brauði	26.10.1998
98-0330-E	Drög að breytingu á 1. viðauka við konunglegan úrskurð 1562/92 (tilkynnt reglugerð nr. 92/73/E)	26.10.1998
98-0320-A	Lög um breytingu á lögum um staðarval, uppsetningu og rekstur á mótsstöðum (lög Vínarborgar um mótsstaði) (endurskoðuð útgáfa 1998)	30.10.1998
98-0321-D	Fjórdá breyting á fyrirmælum um hámarksmagn efnaleifa (RHmV)	26.10.1998
98-0322-D	Viðurkenningarforskrift Reg TP 321 ZV 042 fyrir stafrænan radíóendurvarpsbúnað í fastasambandinu sem sendir frá einni stöð til margra (point-to-multipoint) og starfræktur er á tíðnisviðinu 3,5 GHz með ýmskonar aðgangsaðferðum (FDMA, TDMA og DS-CDMA)	26.10.1998
98-0331-D	Vistfræðileg tilmæli er varða opinberlega styrktar húsasmíðar í Neðra-Saxlandi (umburðarbréf frá félagsmálaráðherra Neðra-Saxlands)	26.10.1998
98-0333-E	Drög að tæknilegri löggjöf um sameiginleg fjarskiptagrunnvirki í byggingum	26.10.1998
98-0327-E	Drög að fyrirmælum um að koma á fót mælifræðilegu ríkiseftirliti með tækjum til að mæla ógagnsæi og til að ákvarða ljósgleypnistuðul útblásturslofts frá þrýstikveikjuhreyflum (dísil)	28.10.1998
98-0334-I	Ákvæði um milliliðalaus sölu til almennings á lækningabúnaði á sviði sjóntækja	( <sup>3</sup> )
98-0335-UK	Reglugerðir um ósjálfvirkar vogir (EBE-kröfur) (breyting) 1998	26.10.1998
98-0336-B	Ný orðsending sem kemur í stað orðsendingar 96/0253/B. Frumvarp að lögum um framleiðslustaðla til að stuðla að sjálfbærum framleiðslu- og notkunarvenjum og til að vernda umhverfið og almannheilbrigði	27.10.1998

Tilvísun <sup>(1)</sup>	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils <sup>(2)</sup>
98-0340-NL	Reglugerð um breytingu á reglugerð frá 1997 um flutning á hættulegum efnum á landi (VLG)	28.10.1998
98-0341-NL	Drög að úrskurði um reglur um sölu, afhendingu og geymslu á köttum og hundum sem verslað er með (úrskurður um hunda og ketti 19.)	28.10.1998
98-0342-NL	Drög að reglugerð um breytingu á byggingareglugerðum um nýjar byggingar 1998 (hljóðeinangrun bygginga gegn hávaða frá næturflugi)	28.10.1998
98-0317-DK	Fyrirmæli um að banna tiltekna gerðir af radar- og leysibúnaði, m.a. í ökutækjum	<sup>(3)</sup>
98-0337-DK	Fyrirmæli um breytingu á fyrirmælum um lífræna framleiðslu í landbúnaði	26.10.1998
98-0338-UK	Reglugerðir um vatn og vatnsiðnað, England og Wales, 1998	26.10.1998
98-0339-NL	Reglugerð um magnákvörðun fyrir dýraáburð og annan lífrænan áburð	<sup>(4)</sup>
98-0343-NL	Drög að ákvæði í vörulögum um ensím í mjóli og brauði	26.10.1998
98-0344-GR	Drög að ráðherraúrskurði um aðferð við útgáfu á gerðarviðurkenningu á ökutækjum til flutninga á farþegum og starfsfólki í flughöfnum	15.10.1998
98-0345-GR	Ákvörðun æðsta ráðsins um kemísk efni um breytingu á gr. 46 nr. 1 í lögum um matvæli (nátturleg kjarnaefni) – annað nýtt tímabil	15.10.1998
98-0348-NL	Samningur um heitavatnstanka sem hitaðir eru með sólarorku	26.10.1998
98-0349-NL	Undanþága fyrir PET-flöskur, 1998	3.11.1998
98-0346-F	Drög að fyrirmælum og ákvörðun um ýmis konar skuldbindingar í tengslum við smíði og starfsemi samsettra gasþrýstihylkja	16.10.1998
98-0355-E	Tæknilegar viðbótarforskriftir um mælipunkta vegna notkunar og flutnings á raforku	3.11.1998
98-0356-S	Ákvæði um almenningflug, rekstrarákvæði, BCL-D 1,21 svæðisleiðsaga	6.11.1998
98-0347-B	Frumvarp að lögum um framleiðslustaðla til að efla sjálfbært framleiðslu- og neyslumynstur og til að vernda umhverfið og almannaheilbrigði	19.10.1998
98-0353-D	Fyrirmæli um fyrstu breytingu á fyrirmælum um mannvirki (1. ÁndVO-VAwS)	3.11.1998
98-0354-E	Drög að ráðherraýrskurði um breytingu á tæknilegum viðbótarforskriftum MI-IF002, MI-IF004 og MI-IF009 í öryggisreglugerð um kælibúnað og -lagir	3.11.1998
98-0357-A	Lög um breytingu á lögum um samkomur (lög Vínar um samkomur) (endurskoðuð útgáfa 1998)	9.11.1998
98-0359-GR	Skilyrði fyrir viðurkenningu á flothindrunum í hafinu við Grikkland til að verjast mengun sjávar af völdum olíu	23.10.1998
98-0363-NL	Önnur breyting á VVR-forskrift að stöðlum um góða framleiðsluhætti í fóduríðnaðinum 1997	11.11.1998
98-0360-A	Fyrirmæli frá fylkisstjórninni í Kärnten um breytingu á fyrirmælum um smíði, starfsemi, viðhald og skoðun á lágþrýstigastækjum sem ganga fyrir tilteknum gastegundum (fyrirmæli um lágþrýstigastæki)	12.11.1998

Tilvísun <sup>(1)</sup>	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils <sup>(2)</sup>
<b>98-0361-I</b>	Tæknilegir staðlar samkvæmt tilskipun 94/63/EB frá 20. desember 1994 um varnir vegna losunar rokgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC) við geymslu á bensíni og dreifingu þess frá birgðastöðvum til bensínstöðva	<b>5.11.1998</b>
<b>98-0362-FIN</b>	Reglugerðir og leiðbeiningar á sviði jánbrautartækni, RAMO, 19. hluti, heildregnir teinar og sporskipti fyrir heildregna teina	<b>3.11.1998</b>
<sup>(3)</sup> <sup>(4)</sup> <sup>(5)</sup>		

Framkvæmdastjórnin vekur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjttíð. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda dröggin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. 3. 1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. 5. 1994, bls. 8.

<sup>(1)</sup> Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

<sup>(2)</sup> Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

<sup>(3)</sup> Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

<sup>(4)</sup> Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.

<sup>(5)</sup> Ekkert stöðvunartímabil vegna skatta- eða fjármálaráðstafana; sbr. 3. lið 9. mgr. 1. gr. í tilskipun 94/10/EB.

# DÓMSTÓLLINN

## Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna<sup>(1)</sup>

**98/EES/40/16**

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 18. júní 1998 í máli C-35/96: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Ítalíu (aðgerð vegna vanefnda - samningar, ákvarðanir og samhæfðir viðskiptahættir – fastsetning gjaldskrár – skipa- og vörumiðlun – löggjöf sem styrkir áhrif samnings).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 18. júní 1998 í máli C-43/96: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Frakklandi (vanefnd skuldbindinga - sjötta tilskipun ráðsins 77/388/EBE – 2. og 6. mgr. 17. gr. – heimild til að draga frá virðisaukaskatt – undanþága samkvæmt innlendum lögum sem sett voru fyrir samþykkt sjöttu tilskipunar).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 18. júní 1998 í máli C-81/96 (beiðni um forúrskurð frá Nederlandse Raad van State): Burgemeester en wethouders van Haarlemmerliede en Spaarnwoude o.fl. gegn Gedeputeerde Staten van Noord-Holland (tilskipun ráðsins 85/337/EBE – nýtt samþykki fyrir hverfisSKIPULAGI).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 18. júní 1998 í máli C-266/96 (beiðni um forúrskurð frá Tribunale di Genova): Corsica Ferries France SA gegn Gruppo Antichi Ormeggiatori del Porto di Genova Coop. arl, Gruppo Ormeggiatori del Golfo de La Spezia Coop. arl, Ministero dei Trasporti el della Navigazione (réttur til að veita þjónustu – sjóflutningar – fyrirtæki með einkarétt – fastsetningarþjónusta í höfnum – samræmi við samkeppnisreglur – gjaldskrár).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 18. júní 1998 í máli C-183/97: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Hollandi (vanræksla aðildarríkis á að standa við skuldbindingar sínar – vanræksla á að lögleiða tilskipun 80/68/EBE).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 18. júní 1998 í máli C-208/97: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Hollandi (vanefnd skuldbindinga – tilskipun 84/156/EBE - vanræksla á að lögleiða innan tilskilins frests).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 25. júní 1998 í máli C-192/96 (beiðni um forúrskurð frá Nederlandse Raad van State): Beside BV og I.M. Besselsen gegn Minister van Volkshuisvesting, Ruimtelijke Ordening en Milieubeheer (meðhöndlun, flutningur og geymsla á húsasorpi og sorpi frá bæjarfélögum – ólögmat starfsemi).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 25. júní 1998 í máli C-203/96 (beiðni um forúrskurð frá Nederlandse Raad van State): Chemische Afvalstoffen Dusseldorp BV o.fl. gegn Minister van Volkshuisvesting, Ruimtelijke Ordening en Milieubeheer (flutningur á úrgangi til endurvinnslu – meginreglan um sjálfsnægtir og nálægð).

Dómur dómstólsins frá 30. júní 1998 í máli C-394/96 (beiðni um forúrskurð frá House of Lords): Mary Brown gegn Rentokil Initial UK Limited (áður Rentokil Limited) (jafnrétti kynjanna – þungaðri konu sagt upp störfum – fjarvistir vegna veikinda sem rekja má til meðgöngu).

Dómur dómstólsins (önnur deild) frá 2. júlí 1998 í sameinuðum málum C-225/95, C-226/95 og C-227/95 (beiðni um forúrskurð frá Diikitiko Protodikio, Aþenu): Anestis Kapasakalis o.fl. gegn gríska ríkinu (tilskipun 89/48/EBE – almennt kerfi til viðurkenningar á prófskríteinum sem veitt eru að lokinni menntun á æðra skólastigi – gildissvið – staða sem eingöngu varðar innri málefni aðildarríkis).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 9. júlí 1998 í máli C-343/97: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Belgíu (vanefnd skuldbindinga – vanræksla á að lögleiða tilskipun 90/220/EBE og 94/51/EF).

<sup>(1)</sup> Sjá Stjttíð. EB nr. C 278, 5. 9. 1998.

Fyrirmæli dómstólsins (fimmta deild) frá 28. apríl 1998 í máli C-116/96 REV: Reisebüro Binder GmbH (dómur tekinn til endurskoðunar – forúrskurður – mál greinilega ekki dómþækt).

Fyrirmæli dómstólsins (fyrsta deild) frá 7. maí 1998 í máli C-239/97: Írland gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (mál dómþækt – frestur til að höfða mál – óviðráðanlegar aðstæður).

Fyrirmæli dómstólsins frá 25. maí 1998 í máli C-80/97: Société des caves et des producteurs réunis de Roquefort o.fl. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (mál höfðuð fyrir dómstólnum og dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi sem miða að því að ógilda sömu gerð - dómstóll Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi telur sig ekki hafa dómsvald í málinu).

Fyrirmæli dómstólsins frá 25. maí 1998 í máli C-81/97: MD Foods Amba og Danske Mejeriers Fællesorganisation gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (mál höfðuð fyrir dómstólnum og dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi sem miða að því að ógilda sömu gerð - dómstóll Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi telur sig ekki hafa dómsvald í málinu – frávísun mótmælt – málunum vísað aftur til dómstólsins á fyrsta dómstigi).

Fyrirmæli dómstólsins frá 25. maí 1998 í máli C-82/97: Bergpracht Milchwerk GmbH & Co.KG o.fl. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (mál höfðuð fyrir dómstólnum og dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi sem miða að því að ógilda sömu gerð – ákvörðun dómstóls Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi um að hann telji sig ekki hafa dómsvald í málinu – frávísun mótmælt – málunum vísað aftur til dómstólsins á fyrsta dómstigi).

Mál C-361/97, C-362/97 og C-363/97: Beiðni um forúrskurð frá ASVG-Landesberfungskommission für das Burgenland, samkvæmt ákvörðunum þess dómstóls í dómsmálunum Rouhollah Nour, Margarita Karner og Arthur Lindau gegn Burgenländische Gebietskrankenkasse.

Fyrirmæli dómstólsins (þriðja deild) frá 25. júní 1998 í máli C-312/97 P: Augusto Fichtner gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (embættismenn – máli vísað frá dómstóllinn á fyrsta dómstigi – áfrýjun vísað frá sem örökstuddri).

Fyrirmæli dómstólsins frá 7. júlí 1998 í sameinuðum málum C-405/96 til C-408/96 (beiðni um forúrskurð frá Tribunal d'Instance de Saint-Denis de la Réunion): Société Beton Express o.fl. gegn Direction Régionale de la Réunion (3. mgr. 104. gr. í málsmeðferðarreglum – greinilega samhljóða spurningar).

Mál C-169/98: Mál höfðuð þann 7. maí 1998 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Frakklandi.

Mál C-210/98 P: Áfrýjað var 5. júní 1998 af Salzgitter AG (áður Preussag Stahl AG) dómi sem kveðinn var upp 31. mars 1998 af dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi (þriðja deild með auknum fjölda dómara) í máli T-129/96 milli Preussag Stahl AG, með stuðningi Sambandslýðveldisins Þýskalands og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna.

Mál C-215/98: Mál höfðuð þann 10. júní 1998 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Grikklandi.

Mál C-221/98: Mál höfðuð þann 16. júní 1998 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Frakklandi.

Mál C-226/98: Beiðni um forúrskurð frá Østre Landsret samkvæmt ákvörðun þess dómstóls frá 4. júní 1998 í dómsmálinu Birgitte Jørgensen gegn Foreningen af Speciallæger og Sygesikringens Forhandlingsudvalg.

Mál C-227/98: Mál höfðuð þann 25. júní 1998 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Írlandi.

Mál C-228/98: Beiðni um forúrskurð frá Simvoulio tis Epikratias samkvæmt ákvörðun þess dómstóls frá 6. apríl 1998 í dómsmálinu Kharalambos Dounias gegn fjármálaráðherra.

Mál C-230/98: Beiðni um forúrskurð frá Tribunale di Treviso samkvæmt ákvörðun þess dómstóls frá 10. júní 1998 í dómsmálinu Amministrazione delle Finanze dello Stato gegn Fallimento Ditta Schiavon Silvano.

Mál C-231/98 og C-232/98: Beiðni um forúrskurð frá Tribunal de Grande Instance d'Epinal samkvæmt ákvörðun þess dómstóls frá 25. júní 1998 í dómsmálinu Lamboley SA og René Bouctot gegn Administration des Impôts.

Mál C-233/98: Beiðni um forúrskurð frá Bundesfinanzhof samkvæmt ákvörðun þess dómstóls frá 28. apríl 1998 í dómsmálinu Hauptzollamt Neubrandenburg gegn Lensing & Brockhausen GmbH.

Mál C-234/98: Beiðni um forúrskurð frá Industrial Tribunal, Leeds, samkvæmt ákvörðun þess dómstóls frá 5. maí 1998 í dómsmálinu G.C. Allen o.fl. gegn Amalgamated Construction Co. Limited.

Mál C-235/98: Beiðni um forúrskurð frá Arios Pagos samkvæmt ákvörðun þess dómstóls frá 12. maí 1998 í dómsmálinu Panagis Neophytos Pythagoras Pafitis o.fl. gegn Trapeza Kentrikis Ellados AE o.fl.

Mál C-236/98: Beiðni um forúrskurð frá Arbetsdomstolen samkvæmt ákvörðun þess dómstóls frá 2. júlí 1998 í dómsmálinu Jämställhetsombudsmannen Lena Svenaeus gegn Örebro Läns Landsting.

Mál C-237/98 P: Áfrýjað var 6. júlí 1998 af Dorsch Consult Ingenieurgesellschaft mbH gegn dómi sem kveðinn var upp 28. apríl 1998 af dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi (önnur deild) í máli T-184/95 milli Dorsch Consult Ingenieurgesellschaft mbH og ráðs Evrópusambandsins og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna.

Mál C-239/98: Mál höfðað þann 7. júlí 1998 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Frakklandi.

Sameinuð mál C-240/98 til C-244/98: Beiðni um forúrskurð frá Juzgado de Primera Instancia No 35, Barselóna, samkvæmt ákvörðun þess dómstóls frá 31. mars 1998 (í tveim fyrstu málunum) og frá 1. apríl 1998 í málunum Océano Grupo Editorial SA o.fl. og R. Murciano Quintero o.fl.

Mál C-245/98: Mál höfðað þann 8. júlí 1998 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Frakklandi.

Mál C-246/98: Beiðni um forúrskurð frá Arrondissementsrechtbank te Arnhem, samkvæmt ákvörðun þess dómstóls frá 2. apríl 1998 í sakamáli á hendur M.G. Berendse-Koenen M.G. og H.D. Berendse, sameignarfélag.

Mál C-249/98 P: Áfrýjað var 10. júlí 1998 af Mario Costacurta dómi sem kveðinn var upp 26. maí 1998 af dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi (fimmta deild) í máli T-177/96 milli Mario Costacurta og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna.

Mál C-250/98: Mál höfðað þann 10. júní 1998 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Frakklandi.

Mál C-251/98: Beiðni um forúrskurð frá Gerechtshof te 's-Gravenhage samkvæmt ákvörðun þess dómstóls frá 8. júlí 1998 í dómsmálinu Inspecteur der Belastingdienst Particulieren/Ondernemingen Gorinchem.

Mál C-252/98: Mál höfðað þann 10. júlí 1998 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Frakklandi.

Mál C-253/98: Mál höfðað þann 10. júlí 1998 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Belgíu.

Mál C-254/98: Beiðni um forúrskurð frá Oberster Gerichtshof, Austurríki, samkvæmt ákvörðun þess dómstóls frá 30. júní 1998 í dómsmálinu Schutzverband gegen unlauteren Wettbewerb gegn TK-Heimdienst Sass GmbH.



Mál C-255/98: Mál höfðað þann 14. júlí 1998 af Konungsríkinu Spáni gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-256/98: Mál höfðað þann 15. júlí 1998 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Frakklandi.

Mál C-257/98 P: Áfrýjað var 15. júlí 1998 af Arnaldo Lucaccioni dómi sem kveðinn var upp 14. maí 1998 af dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi (önnur deild) í máli T-165/95 milli Arnaldo Lucaccioni og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna.

Mál C-259/98: Mál höfðað þann 15. júlí 1998 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Sambandslýðveldinu Þýskalandi.

Mál C-261/98: Mál höfðað þann 17. júlí 1998 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Portúgal.

Mál C-262/98: Mál höfðað þann 17. júlí 1998 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Belgíu.

Mál C-263/98: Mál höfðað þann 17. júlí 1998 af Konungsríkinu Belgíu gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-264/98: Beiðni um forúrskurð frá Tribunal de Première Instance de Charleroi samkvæmt ákvörðun þess dómstóls frá 2. júlí 1998 í dómsmálinu Tibor Balog gegn ASBL Royal Charleroi Sporting Club (RCSC).

Mál C-265/98 til C-272/98: Beiðni um forúrskurði frá Juzgado de Primera Instancia No 35, Barselóna, samkvæmt ákvörðun þess dómstóls frá 31. mars 1998 í dómsmálinu Salvat Editores SA o.fl. og J. Compañ Calbuig o.fl.

Mál C-273/98: Beiðni um forúrskurð frá Bundesfinanzhof samkvæmt ákvörðun þess dómstóls frá 14. maí 1998 í dómsmálinu Hans-Josef Schlebusch gegn Hauptzollamt Trier.

Mál C-274/98: Mál höfðað þann 17. júlí 1998 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Spáni.

Mál C-275/98: Beiðni um forúrskurð frá Klagenævnet for Udbud samkvæmt ákvörðun þess dómstóls frá 15. júlí 1998 í dómsmálinu Unitron Scandinavia A/S og 3-S A/S, Danske Svineproducenters Serviceselskab gegn Ministeriet for Fødevarer, Landbrug og Fiskeri.

Mál C-276/98: Mál höfðað þann 20. júlí 1998 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Portúgal.

Mál C-277/98: Mál höfðað þann 21. júlí 1998 af Lýðveldinu Frakklandi gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-281/98: Beiðni um forúrskurð frá Pretura Circondariale di Bolzano samkvæmt ákvörðun þess dómstóls frá 8. júlí 1998 í dómsmálinu Roman Angonese gegn Cassa di Risparmio di Bolzano SpA.

Mál C-285/98: Beiðni um forúrskurð frá Verwaltungsgericht Hannover samkvæmt ákvörðun þess dómstóls frá 13. júlí 1998 í dómsmálinu Tanja Kreil gegn Sambandslýðveldinu Þýskalandi.

Mál C-288/98: Beiðni um forúrskurð frá Corte Suprema di Cassazione samkvæmt ákvörðun þess dómstóls frá 22. maí 1998 í dómsmálinu Istituto Nazionale della Previdenza Sociale gegn Mario Maraldi SpA.

Mál C-289/98: Mál höfðað þann 27. júlí 1998 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Grikklandi.

Mál C-322/97 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Belgíu.

Mál C-21/98 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Írlandi.

Mál C-277/96 tekið af málaskrá (beiðni um forúrskurð frá Hessisches Landesarbeitsgericht): Hans-Jörg Dick gegn EB-Schulungs-Gesellschaft mbH (í skiptameðferð).

Mál C-40/97 tekið af málaskrá (beiðni um forúrskurð frá Sozialgericht Hamburg): Peter Michael Jordy gegn Techniker Krankenkasse og Techniker Krankenkasse Pflegeversicherung.

Mál C-11/96 tekið af málaskrá: Konungsríkið Spáni gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-123/96 tekið af málaskrá: Konungsríkið Spáni gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-199/96 tekið af málaskrá: Konungsríkið Spáni gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-299/97 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Portúgal.

Mál C-282/97 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Frakklandi.

Mál C-403/97 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Sambandslýðveldinu Þýskalandi.

Mál C-291/95 tekið af málaskrá: Konungsríkið Belgía gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-155/97 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Belgíu.

Mál C-406/97 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Stórhertogadæminu Lúxemborg.

Mál C-411/97: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Belgíu.

Mál C-105/97 tekið af málaskrá (beiðni um forúrskurð frá Pretura Circondariale di Trento): Leonardo Gulli gegn Ente Poste Italiane.

**Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi<sup>(1)</sup> 98/EES/40/17**

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 8. júlí 1998 í máli T-232/95: Committee of European Copier Manufacturers (Cecom) gegn ráði Evrópusambandsins (undirboðsgjöld á ljósritunarvélar - mat - tímabilið þegar undirboðsgjöld voru lögð á – greinileg matsmistök).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 25. júní 1998 í máli T-120/96: Lilly Industries Ltd gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (reglugerð nr. 2377/90 – beiðni um að færa nautgripavaxtarhormón (BST) í skrána yfir efni sem hámarks magn efnaleifa gildir ekki um – frávísun framkvæmdastjórnarinnar – beiðni um ógildingu).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 25. júní 1998 í sameinuðum málum T-14/97 og T-15/97: Sofivo SAS o.fl. gegn ráði Evrópusambandsins (landbúnaður - samhæft markaðsskipulag - nautakjöt - inngrípsfyrirkomulag – bætur vegna snemmbærrar markaðssetningar á kálfakjöt – meðalfallþungi – viðmið fyrir ákvörðun – beiðni um ógildingu – mál ekki dómtækt).

Mál T-83/98: Mál höfðað þann 26. maí 1998 af Eugénio Branco L.<sup>da</sup> gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

(<sup>1</sup>) Sjá Stjórnartíð. EB nr. C 278, 5. 9. 1998.